

Nd.

794. Nefndarálit

[193. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, og l. nr. 112 1950, um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrliðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOI).

Ég er andstæður 1. gr. þessa frv., sem gefur fjárhagsráði heimild til þess að setja hámarksverð á allar vörur, er því eða ríkisstjórninni kann að sýnast, og legg ég því til, að 1. gr. sé felld burt.

2. gr. þessa frv. á alls ekki heima í þessum lögum, heldur ætti að vera sérstök lög eða tengd við þau frv. um lántöku, sem nú er verið að samþykkja í þinginu. Það er óskapnaður að setja þessi yfirdráttarákvæði inn í lög um verðlagsdóm. Efnislega get ég því aðeins samþykkt þessa 2. gr., að tryggt sé, að öllu þessu lánsfé sé varið til kaupa á framleiðslutækjum, efni í framleiðslutæki eða byggingarefni í íbúðarhús og önnur mannvirki, sem spara eða skapa gjaldeyri fyrir seinni tímann. Það stofnar fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í voða að nota ekki lánsfé, sem nú væri tekið erlendis, fyrst og fremst í gjaldeyrisskapandi fyrirtæki. Ríkisstjórnin yrði með þessari lántöku og gjöfum þeim, er hún fær á þessu ári, hún að fá að gjöf og láni frá Marshallstofnunum og Greiðslubandalagi um 500 milljónir króna alls, og þegar athugað er, hve litlu af því fé hefur verið varið til beinlínis gjaldeyrisskapandi fyrirtækja, þá sést, hvílik þörf er á að gæta nú vel að um ráðstöfun þess fjár, sem hér um ræðir.

3. gr. frv. er ég samþykkur.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt svo fremi, að gerðar verði á því eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „allt að fjórum milljónum dollara“ komi: til kaupa á framleiðslutækjum, efnivörum til framleiðslutækja og byggingarefni.

Ég mundi gera tillögur um að skipta frv. upp í þrennt, ef nokkur von væri til þess, að hún yrði samþykkt, en þar sem ekki hefur fengizt samkomulag um slíka tillögu í n., þrátt fyrir að viðurkennt sé, að þannig yrði afgreiðsla málsins skaplegust frá formlegu sjónarmiði, ber ég enga tillögu fram um slíkar formsbreytingar.

Alþingi, 3. marz 1951.

Einar Olgeirsson.